

- d. Kr. 1.700 fyrir vottorð vegna bóta úr slysa- og sjúkrasjóðum, umsókna um örorkubætur til lífeyrissjóða, andláts (dánarvottorð), fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðar.
- e. Kr. 3.000 fyrir vottorð vegna byssuleyfis, skóla erlendis, og um heilsufar eða vinnufærni vegna umhverfis eða atvinnu, þ.m.t. vegna atvinnuréttinda.
- f. Fyrir vottorð til lögmanna og tryggingafélaga vegna sjúkdóma eða slysa, tryggingafélaga vegna líftrygginga eða umsókna um örorkubætur, lögreglu, sýslumanna, vegna dvalar- og/eða atvinnuleyfa hér á landi og dvalar eða starfa erlendis skal miða við hversu langan tíma það tekur lækni að gera vottorðið og skal greiða kr. 2.500 fyrir hverjar byrjaðar 20 mínútur.

Gjöld fyrir vottorð skv. 1. og 2. mgr. skulu renna til heilbrigðisstofnunar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 36. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og 20. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. september 2002.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 15. júlí 2002.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi Héraðssvæðis 1998 – 2010 vegna aðalskipulags Austur-Héraðs 2002 – 2017.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 10. júlí 2002 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Héraðssvæðis frá 31. ágúst 2001. Breytingin felst í eftirfarandi:

Gert er ráð fyrir frístundabyggðarsvæði að Kóreksstöðum, í Finnastaðaseli, á Strönd og í Beinárgerði.

Gert er ráð fyrir blandaðri landnotkun frístundabyggðar og opins svæðis til sérstakra nota að Snjóholti og í Miðhúsaskógi.

Frístundabyggðarsvæði í Prestaskershöfða er skilgreint sem blanda af frístundabyggðarsvæði og opnu svæði til sérstakra nota.

Gert er ráð fyrir íbúðarsvæði að Eyvindará og við Randaberg.

Fallið er frá flutningi Borgarfjarðarvegur nr. 94 um Eiða austur fyrir byggðina.

Hringvegur í Skriðdal er færður til norðurs á milli Hallbjarnarstaða og Litla-Sandfells.

Mörk þéttbýlis á Eiðum, Egilsstöðum og Hallormsstað eru færð til samræmis við aðalskipulag Austur-Héraðs 2002-2017.

Fallið er frá skilgreiningu á svæði þar sem gert var ráð fyrir möguleika á stofnvegi norðan við Egilsstaði, frá Seyðisfjarðarvegi yfir Eyvindará undir Melshorni að hringvegi, sem „skipulagi frestað“.

Fallið er frá skilgreiningu á svæði þar sem gert var ráð fyrir möguleika á færslu hringvegur suður fyrir flugvöll ef hann yrði lengdur, sem „skipulagi frestað“.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Austur-Héraðs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 10. júlí 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigríður Auður Arnardóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Húnaþingi vestra.

Hvammstangi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu sveitarstjórnar Húnaþings vestra, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Hvammstanga:

Umferð um Brekkugötu víkur fyrir umferð á Hvammstangabraut en hefur forgang gagnvart umferð af aðliggjandi götum nema Ásbraut.

Umferð um Hlíðarveg nýtur forgangs gagnvart umferð af aðliggjandi götum.

Umferð um Hvammaveg nýtur forgangs gagnvart umferð af aðliggjandi götum.

Umferð um Hvammstangabraut nýtur aðalbrautarréttar gagnvart aðliggjandi götum. Suður að gatnamótum Brekkugötu eru bifreiðastöður bannaðar beggja vegna við götuna en frá gatnamótum Hvammstangabrautar við Brekkugötu eru bifreiðastöður bannaðar vestan Hvammstangabrautar en austan hennar eru bifreiðastöður stærri ökutækja bannaðar.

Umferð um Höfðabraut nýtur forgangs gagnvart umferð af aðliggjandi götum nema af Brekkugötu og Lækjargötu.

Umferð um Kirkjuveg nýtur forgangs gagnvart umferð af aðliggjandi götum nema Hlíðarvegi.

Umferð um Klapparstíg nýtur forgangs gagnvart umferð af Strandgötu úr norðri.

Umferð um Lækjargötu nýtur forgangs gagnvart umferð af aðliggjandi götum nema Hvammstangabraut og Brekkugötu.

Umferð um Spítalastíg njóti forgangs gagnvart umferð af Nestúni.

Umferð um Norðurbraut njóti aðalbrautarréttar gagnvart umferð af aðliggjandi götum. Bifreiðastöður eru bannaðar beggja vegna meðfram Norðurbraut.

Umferð um Strandgötu njóti forgangs gagnvart umferð af aðliggjandi götum þó ekki af Klapparstíg en víkur þar fyrir umferð af Klapparstíg.

Stöður vöruflutningabifreiða og stærri bifreiða eru bannaðar í íbúðahverfum nema til losunar og lestunar.

Biðskyldumerki skal setja upp skv. ofanskráðu. Á gatnamótum Lækjargötu að Hvammstangabraut og Lækjargötu að Brekkugötu skal vera stöðvunarskylda.

Hámarkshraði ökutækja á Hvammstanga er 50 km.